

REGLUGERÐ

um skattfrelsi norrænna menningarverðlauna.

1. gr.

Eftirtalin norræn menningarverðlaun skulu undanþegin tekjuskatti og útsvari þegar þau falla íslenskum ríkisborgurum í skaut:

1. Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.
2. Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs.
3. Norrænu leikskáldaverðlaunin.
4. Sonning verðlaunin.
5. Clara Lachmann verðlaunin.
6. Bjartsýnisverðlaun Bröstes.
7. Bókmenntaverðlaun sænsku akademíunnar.
8. Norrænu barnabókaverðlaunin.
9. Verðlaun Stofnunar í samanburðarlögfræði við Stokkhólmsháskóla.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 13/1976, um skattfrelsi bókmennta- og tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, sbr. 64. gr. laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, öðlast þegar gildi og kemur fyrst til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1995 vegna tekna á árinu 1994, sbr. þó 2. mgr.

Þeir sem fengið hafa verðlaun skv. 1. gr. á árunum 1992 og 1993 og greitt hafa af þeim tekjuskatt og útsvar geta sótt um endurupptöku álagðra gjalda til skattstjóra, sem er heimilt að lækka tekjuskattsstofn til samræmis við reglu 1. gr.

Fjármálaráðuneytið, 13. febrúar 1995.

F. h. r.

Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

Nr. 114

10. febrúar 1995

SAMÞYKKT

um hundahald í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Hundahald í Bessastaðahreppi sætir þeim takmörkunum sem getið er um í samþykkt þessari.

2. gr.

Hundahald er háð leyfi hreppsnefndar, sem getur veitt lögráða einstaklingi, búsettum í hreppnum, leyfi til hundahalds. Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda skrifstofu Bessastaðahrepps, sem gefur út leyfið í umboði hreppsnefndar, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) Leyfið er bundið við nafn og heimili lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það.
- b) Hundurinn skal skráður á skrifstofu sveitarfélagsins og fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem hundurinn skal ávallt bera um hálsinn. Eigi er skylt að sækja um leyfi fyrir hvölp áður en hann er þriggja mánaða gamall. Einnig skal tilkynna um ef hundur drepst eða er fluttur úr sveitarfélaginu.

3. gr.

Árlega skal sveitarsjóði greitt gjald fyrir þá hunda sem leyfi er veitt fyrir samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem ráðherra staðfestir. Gjaldið skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundahaldi ásamt ábyrgðartryggingu samkvæmt trygginga-skilmálum sem og öðrum kostnaði sem sveitarfélagið þarf að bera af hundahaldinu. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins auk skráningargjalds og síðan árlega fyrirfram með gjalddögum 15. febrúar, 15. apríl og 15. júlí ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt fyrir árslok fellur leyfið úr gildi.

4. gr.

Leyfi fyrir einstökum hundi skulu jafnan háð því að fylgt sé eftirfarandi reglum:

- a) Að hundurinn raski ekki ró íbúa sveitarfélagsins og sé hvorki þeim né öðrum til óþæginda með tilliti til hávaða, óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta eða slyshættu.
- b) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Á almannafæri er umsjónarmanni skylt að fjarlægja saur eftir hundinn á tryggilegan hátt.
- c) Hundar skulu færðir til hreinsunar í október-nóvember ár hvert. Fylgja ber ákvæðum reglugerðar um varnir gegn sullaveiki við hreinsun þeirra. Framvísa skal vottorði um hreinsun til skrifstofu sveitarfélagsins fyrir 15. desember ár hvert. Vanræksla á að láta hreinsa hund eða skila hreinsunarvottorði leiðir til þess að leyfið fellur úr gildi.
- d) Hreppsnefnd er heimilt að skilgreina svæði sem óheimilt er að fara með hunda inn á enda verða þau merkt sérstaklega.
- e) Hundar úr öðrum lögsagnarumdæmum mega ekki án leyfis dvelja lengur en eina viku í Bessastaðahreppi án leyfis hundaeftirlits enda sjá umsjónarmenn þeirra til þess að öðrum ákvæðum þessarar greinar verði fylgt eins og við á.
- f) Hreppsnefnd getur ákveðið að veita ekki leyfi fyrir ákveðnum hundategundum, þyki henni ástæða til þess að mati heilbrigðisnefndar.

5. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda skrifstofu sveitarfélagsins.

Umsókn skal fylgja ljósmynd af viðkomandi hundi svo og greiðsla skráningagjalds og leyfisgjalds. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjöleignarhúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigahús fylgja umsókninni.

6. gr.

Uppfylli leyfishafi ekki skilyrði samþykktar þessarar eða breytir gegn henni getur sveitarstjóri afturkallað leyfi til hundahaldsins. Skylt er þá umráðamanni hundsins að losa sig við hann eða hlíta því að öðrum kosti, að hundurinn verði fjarlægður og aflífaður á hans kostnað.

7. gr.

Hundaeftirlitsmaður skal vera starfandi í Bessastaðahreppi. Hann skal starfa í nánu samstarfi við heilbrigðisfulltrúa og gefa heilbrigðisnefnd árlega skýrslu um starf sitt. Verksvið hundaftirlitsmanns ákvarðast nánar í reglum sem settar verða. Hundaftirlitsmanni ber að leita aðstoðar lögreglu yfirvalda, þegar þörf krefur.

8. gr.

Hunda, sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa í sérstaka hundageymslu. Sama gildir um óleyfilega hunda og hættulega hunda. Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað ef nauðsyn krefur að mati heilbrigðisfulltrúa. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af viðkomandi eiganda. Hunda, sem ekki eru

hættulegir, er heimilt að afhenda ef leyfi er framvísað enda verði áfallin kostnaður greiddur. Hafi hundsins ekki verið vitjað innan 7 daga frá því hann kom í vörslu eftirlitsmanns er heimilt að ráðstafa honum til nýs ábyrgs eiganda, selja hann fyrir áföllnum kostnaði eða aflífa hann í samræmi við ákvæði laga nr. 15/1994 um dýravernd á kostnað hundaeiganda.

9. gr.

Haldi maður hund í Bessastaðahreppi í bága við ákvæði þessarar samþykktar skal hann sæta viðurlögum samkvæmt 32. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

10. gr.

Með mál sem rísa út af broti gegn samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála, sbr. og lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988, með síðari breytingum.

11. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Bessastaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Bessastaðahreppi nr. 542/1990.

Umhverfisráðuneytið, 10. febrúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Árlegt gjald til að halda hund í lögsagnarumdæmi Bessastaðahrepps sbr. 3. gr. samþykktar um hundahald í Bessastaðahreppi frá 10. febrúar 1995 skal vera kr. 8.200.

Gjaldið greiðist á gjalddögum 15. febrúar, 15. apríl og 15. júlí ár hvert og er eindagi gjaldsins 30 dögum eftir gjalddaga.

2. gr.

Gjald vegna skráningar hunds sbr. 3. gr sömu samþykktar skal vera kr. 2.500.

3. gr.

Gjald vegna töku hunds sbr. 8. gr. sömu samþykktar skal vera kr. 6.000.

Geymslugjald fyrir handsamaðan hund er kr. 700 fyrir hvern sólarhring umfram þann fyrsta.

4. gr.

Um vexti af vangreiddum leyfisgjöldum gilda almennar reglur.